



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 14. janúar 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Erla María Lárusdóttir og Ástrós Elísdóttir varamaður boðuðu forföll.

Magnús Kristjánsson hagfræðingur hjá KPMG, Sigrún Hauksdóttir aðalbókari sveitarfélagsins sátu fundinn undir 1. dagskrárlið. Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. og 2. dagskrárlið.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir því að gera breytingu á dagskrá og bæta við dagskrárlið „Viðauki III við fjárhagsáætlun 2025“ undir dagskrárlið 2.

### Dagskrá:

#### 1. Uppgjör vegna slita á byggðasamlögum

Magnús Kristjánsson hagfræðingur hjá KPMG fór yfir drög að uppgjöri vegna slita á byggðasamlögum í samstarfi við Húnabyggð. Voru drögin lögð fram til kynningar.

#### 2. Rekstraryfirlit janúar-nóvember 2025 og fjárfestingayfirlit janúar-desember 2025

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar-nóvember 2025 og fjárfestingayfirlit janúar-desember 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Voru yfirlitin lögð fram til kynningar.

#### 3. Viðauki III við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir fundinn lá tillaga að viðauka 3 við fjárhagsáætlun ársins 2025 sem verkefnastjóri fjármála fór yfir og útskýrði. Tillagan gerir ráð fyrir hækkun á fjárfestingaráætlun um 8,5 m.kr. Breytingar í rekstri snúa helst að fræðslu- og uppeldismálum og eignasjóði. Rekstrarniðurstaða viðauka er 351 þ.kr. í tekjur umfram gjöld. Rekstrarniðurstaða með viðaukum gerir því ráð fyrir 3,8 m.kr. í tekjur umfram gjöld. Viðauka verður mætt með lækkun á handbæru fé. Var viðaukinn borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

#### 4. Samningur við Golfklúbb Skagastrandar

Fyrir fundinum lágu drög að þriggja ára samningi við Golfklúbb Skagastrandar um rekstur og uppbyggingu golfvallar og golfiðkunar á Skagaströnd. Var erindi um rekstrarstyrk tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar nr. 1296-89 í febrúar 2025. Var samningurinn sem lá fyrir fundinum samþykktur með áorðnum breytingum og sveitarstjóra falið að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.



## 5. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau verkefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

## 6. Bréf

### 1. Eydís Inga Sigurjónsdóttir dags. 6. janúar 2026

**Efni:** Umferðaröryggi – Gatnamót Bogabrautar og Norðurbrautar

Fyrir fundinum lá erindi Eydísar Ingu Sigurjónsdóttur dags. 6. janúar 2026 þar sem óskað er eftir því að sveitarstjórn hugi að umferðaröryggismálum á gatnamótum Bogabrautar og Norðurbrautar í kjölfar áreksturs sem varð þann 3. janúar sl. Sveitarstjórn ræddi erindið og tekur undir þau sjónarmið sem þar koma fram. Sveitarstjóri upplýsti um að efni erindisins væri nú þegar til skoðunar hjá sveitarfélaginu. Var sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

## 6. Fundargerðir:

- a) *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 5. desember 2025*
- b) *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 12. desember 2025*
- c) *Náttúrustofu Norðulands vestra dags. 10. desember 2025*
- d) *Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 10. desember 2025*
- e) *Stjórnar SSNV dags. 6. janúar 2026*

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

## 7. Önnur mál

Fyrir fundinum lá minnisblað frá oddvita þar sem tilkynnt er um samskipti oddvita við Birgi Þórbjörnsson fyrrverandi skipstjóra frá Skagaströnd. Birgir starfaði lungað úr sinni starfsævi sem togaraskipstjóri á Arnari HU-1. Hann hefur hug á að gefa Skagaströnd muni sem hafa sögulegt gildi fyrir sveitarfélagið og komu í troll skipsins á sínum tíma. Þar með talið er gamalt ankeri og granítsteinn sem borist hefur á Íslandsmið með hafis frá Grænlandi. Sveitarstjórn ræddi efni minnisblaðisins og var samhljóða samþykkt því að taka við þeim munum sem um ræðir. Var sveitarstjóra falið í samvinnu við oddvita að fá tilboð í kostnað við að koma mununum til Skagastrandar en þeir eru staðsettir á Höfuðborgarsvæðinu.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 11:20

## Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir